



Erindisbréf

Stjórn fagdeildar slökkviliðsmanna

Stjórn skipar eftirfarandi aðila í stjórn fagdeildar slökkviliðsmanna, Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, til tveggja ára:

Stjórn fagdeildar slökkviliðsmanna skipa:

Formaður Steinþór Darri Þorsteinsson, SHS, darri@lsos.is s: 897 9009
Aron Orrason, SHS, orrason88@gmail.com s: 777 4878
Gústav Alex Gústavsson, SHS, alex@draugabanar.is
Hlynur Kristjánsson, Sí, hlunur.kr@gmail.com s: 863 1916
Hulda Geirsdóttir, BÁ, huldag10@menntaborg.is s: 861 3371
Jón Kristinn Valsson, SHS, jonv@shs.is
Ingvar Sigurðarson, BÁ, ingvarsig11@gmail.com s: 899 7798
Maron Pétursson, SA, maronpetursson@gmail.com s: 897 6977

Sameiginlegt netfang fagdeildar slökkviliðsmanna: bruni@lsos.is

Gildistími skipunar: Maí 2018 – apríl 2020.

Hlutverk stjórnar fagdeilda:

Hjá LSS eru starfandi þrjár fagdeildir: Fagdeild stjórnenda, fagdeild sjúkraflutningamanna og fagdeild slökkviliðsmanna. Kosið er sérstaklega um formann og varaformann fagdeildar á aðalfundi félagsins (8.gr). Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skal hún skipta með sér verkum, skipa ritara, gjaldkera og meðstjórnendur úr sínum hópi. Stjórn starfar eftir samþykktri reglugerð um sína fagdeild.

Fagdeildir hafa rétt til að álykta um sín sérstöku málefni með þeim hætti er þær kjósa sér, til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ákvarðanir deilda mega ekki ganga gegn stefnu eða ákvörðunum félagsins. Telji stjórn LSS að ákvarðanir eða samþykktir einstakra deilda fari í bága við stefnu eða ákvarðanir félagsins, getur stjórnin tekið málið fyrir á stjórnarfundum og úrskurðað að ákvarðanir eða samþykktir deilda séu ógildar (11.gr)

Hlutverk stjórnar fagdeildar slökkviliðsmanna er eftirfarandi:

- Að sameina í eina fagdeild alla slökkviliðsmenn innan LSS sem hafa fengið löggildingu á starfsheitinu "slökkviliðsmaður" útgefna af Umhverfisráðherra samkvæmt lögum um brunavarnir nr. 75/2000.
- Að vera stjórn LSS til ráðgjafar um alla þá þætti er varðar málefni slökkviliðsmanna, önnur en kjaramál.
- Að tilnefna fulltrúa í stjórn LSS. (kosinn formaður).
- Að tilnefna fulltrúa í nefndir og ráð sem fjalla um fagleg málefni slökkviliðsmanna eða á sviði brunamála/-varna.
- Að efla fræðslu og kynningu um fagleg málefni og önnur þau atriði er varðað geta hagsmuni slökkviliðsmanna, ásamt því að vinna að aukinni starfsmenntun og starfsþjálfun þeirra.



- Að stuðla að aukinni þekkingu almennings um brunavarnir.
- Að standa að bættu skipulagi um menntun, öryggi og störf slökkviliðsmanna.
- Í lok hvers almanaksárs ber stjórn fagdeildar að skila skýrslu til stjórnar LSS þar sem gert er grein fyrir starfsemi hennar.

Fagdeild hefur að leiðarljósi siðareglur, reglur fagdeildar, önnur lög og reglugerðir sem LSS hefur sett eða starfar eftir.

Starfshættir

Formaður fagdeildar ber ábyrgð á boðun funda. Fundarboðun skal vera bréfleg eða rafræn og send öðrum nefndarmönnum og framkvæmdastjóra LSS, eigi síðar en fjórum sólarhringum fyrir fund. Fundað skal svo oft sem þurfa þykir. Fagdeild heldur gerðarbók og skilar fundargerðum til stjórnar LSS. Fagdeildir geta sett sér ítarlegri samþykktir, en þær mega þó ekki fara í bága við lög LSS. Formaður félagsins, og aðrir fulltrúar stjórnar, eiga rétt á að sækja fundi í deildum félagsins með málfrelsi og tillögurétt

Vonast er til að stjórn fagdeildar slökkviliðsmanna skili eftirfarandi árangri:

- Sé góður málsvari og samnefari slökkviliðsmanna á landsvísu.
- Vera öflugur málsvari slökkviliðsmanna í faglegri umræðu við hagsmunaaðila.
- Tryggi að nýjungar og þróun á málefnasviði slökkviliðsmanna skili sér til fagráðs brunamálaskólans og annarra hagsmunaaðila.
- Stuðla að bættu öryggi og aðbúnaði hjá slökkviliðsmönnum.
- Stuðli að skýrum vinnuferlum í við störf slökkviliðsmanna.
- Að vinna að aukinni heilsuvitund félagsmanna og fyrirbyggjandi aðgerðir á sviði heilsueflingar og sjúkdóma.
- Að taka virkan þátt í forvörnum á sviði brunavarna.

Fjármál

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna er með sjálfstæðan rekstur og er fjármagnað með iðgjöldum frá félagsmönnum. Fagdeildir LSS tilheyra undir rekstur LSS þar sem skila inn starfsáætlun til stjórnar LSS. Fagdeildum LSS er heimilt að sækja um til stjórnar LSS fjárstuðning vegna fræðslu og útbreiðsluverkefna. Öll fjárútlát þarf að vinna í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra LSS. Ekki er greitt fyrir stjórnarsetu þar sem um sjálfboðaliðastarf er að ræða en allur útlagður kostnaður er greiddur.

Tengiliður skrifstofu : Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.
Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri.



Reykjavík, 12. september 2018

Magnús S. Smáráson

Magnús Smári Smáráson
Formaður

Steinþór Darri Þorsteinsson

Steinþór Darri Þorsteinsson
Varaformaður